

---

**FUNDARGERÐ**

<b>Fundur:</b>	<b>Raforkuhópur 2005-04</b>
<b>Fundartími:</b>	<b>Þriðjudagur 3. maí 2005 kl. 13:30</b>
<b>Fundarstaður:</b>	<b>Orkustofnun, Grensásvegi 9</b>
<b>Fundarefni:</b>	<b>1) Raforkunotkun á fyrstu þremur mánuðum ársins.</b>
	<b>2) Notkunarflokkar raforku 2004.</b>
	<b>3) Aflþörf raforkukerfisins 2004.</b>
	<b>4) Stóriðja í raforkuspá.</b>
	<b>5) Raforkuspá 2004.</b>
	<b>6) Heimasíða orkuspárnefndar.</b>
	<b>7) Önnur mál.</b>

---

Á fundinn mættu:

Raforkuhópurinn: Eymundur Sigurðsson  
Ívar Þorsteinsson  
Agnar Árnason  
Gunnar Aðalsteinsson  
Pétur E. Þórðarson

Verkfræðistofan Afl: Jón Vilhjálmsson  
Ingvar Baldursson

Fjarverandi:

- 1) JV sagði að gögn væru ekki komin um raforkuvinnslu Landsvirkjunar á þessu ári eða um úttekt frá flutningskerfinu. Spurning væri hvort vinnslan komi frá Landsvirkjun eða Landsneti. Ákveðið var að JV tæki saman uppkast að bréfi til vinnslufyrirtækja varðandi skil á þessum gögnum og sendi til ÍP og að vinnureglur um birtingu gagna mundu þá fylgja með.
- 2) IB sagði að notkunarflokkarnir væru komnir frá öllum en þó væru smávægilegar lagfæringar eftir svo sem varðandi götulýsingu. Hann sýndi síðan raforkunotkun ársins 2004 eftir notkunarflokkum. Töpin líta eðlilega út sem bendir til þess að þessi úrvinnsla sé aftur komin í gott horf. Gögn frá Rarík koma ennþá skipt niður á sveitarfélög en ekki niður á orkuspárnsvæði. PEP sagði að óvíst væri með skiptinguna niður á orkuspárnsvæði en sagði að skipting væri komin niður á þétt- og dreifbýli.

- 3) IB sagði að ennþá vantaði gögn frá Orkuveitu Reykjavíkur en önnur gögn eru komin inn í grunninn. GA ætlar að athuga með stöðuna á gögnum Orkuveitunnar.
- 4) ES sagði að stóriðjutölurnar væru komnar nema ekki væri orðið endanlegt með 5. áfanga Norðuráls. ÍP ræddi um frekari stóriðju í orkuspá og lagði áherslu á að um væri að ræða almenna umfjöllun en ekki ítarlega spá þar sem orkuspárnefnd hefur brennt sig á slíku áður. ES sagði að Landsnet vildi mjög gjarnan fá tölur um frekari stóriðju frá orkuspárnefnd til að geta notað í kerfisáætlun. JV mun seta fram tillögu að framsetningu á frekari stóriðjuspá. ES vildi samræma myndir um notkun við myndir í kerfisáætlun Landsnets.
- 5) JV sýndi hugmynd að breyttu útliti á skýrslunni um raforkuspá þar sem miðað er við að blár litur sem mest notaður og yfir í grænt ef þörf er á fleiri litum. Þetta er svipað og gert hefur verið t.d. í kerfisáætlun Landsnets og þjóðhagsáætlun. Samþykkt var að breyta útlitinu á þennan veg. Farið var yfir forsendu um heimilisnotkun sem frestað var á síðasta fundi og ákveðið að láta notkun á heimili vaxa á næstu árum en að það hægi síðan á þeim vexti. Ákveðið var að hækka forsendu varðandi fiskiðnað úr 2% umfram framleiðsluaukningu. PEP ræddi um að grófari iðnaður væri að flytjast úr landi en framleiðsluaukning væri á móti í starfsemi þar sem framleiðslan væri verðmætari í hlutfalli við raforkunotkun og það gæti verið skýring á hægari vexti raforkunotkunar en framleiðslu í almennum iðnaði. Ákveðið var því að láta raforkunotkunina vaxa heldur hægar en framleiðslan til að byrja með. Setja þarf inn umfjöllun um framkvæmdir á Austurlandi í kafla um byggingastarfsemi í samræmi við það sem kemur aftar. Nokkuð var rætt um vetnisbíla og ákveðið að lagfæra umfjöllun þanngi að talað væri um nýtingu raforku í samgöngum. ES sagði að ótryggð orka væri tæplega 10% út frá túlkun á ákvæði í samningum og vildi lækka ótryggðu orkuna í 9%. Einnig var samþykkt að hækka afl hjá Járblendifélaginu í 130 MW í samræmi við notkun síðustu ára.

Rætt var um svæðaskiptingu í orkuspá og í kerfisáætlun Landsnets. JV og ES var falið að koma með tillögu um samræmingu þarna á milli.

JV var falið að breyta raforkuspá og bæta inn gögnum ársins 2004. Stefnt er að því að spáin verði komin í endanlegt horf í lok maí

- 6) JV sýndi nýja heimasíðu START hópsins og sagði að tími væri kominn á að uppfæra heimasíðu Orkuspárnefndar og hefði hann áhuga að setja hana svipað upp og síðu START hópsins. Orkuspárnefnd verður að taka ákvörðun um þetta atriði.
- 7) JV lagði til að haldinn yrði aukafundur fyrsta þriðjudag í júní þar sem spáin yrði afgreidd frá hópnum. ES lagði til að á næsta fundi yrði þar að auki fjallað um þau gögn sent iðnaðarráðuneytið þyrfti að fá í raforkuskýrslu.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 16:30. Næsti fundur ákveðinn 7. júní 2005.

---

Jón Vilhjálmsson